



Gestur Guðjónsson
Grettisgötu 67
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 3. maí 2018
Tilv.: UMH17120020/0217-09

Hér með eruð þér skipaðir í stýrihóp sem er falið það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd áætlunar - Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 sem var gefin út í nóvember 2017 í samræmi við ákvæði 6. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um loftgæði á Íslandi 2018 - 2029. Hlutverk stýrihópsins verður að kanna reglulega hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar.

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar er í höndum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Ráðuneytið mun í samstarfi við ýmsa aðila vinna að nánari útfærslu einstakra þátta áætlunarinnar og endurskoða markmið hennar á fjögurra ára fresti. Auk þess verður áætlunin yfirfarin reglulega í tengslum við undirbúning fjárlaga. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun, í samráði við Umhverfisstofnun, annast eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og leggja mat á hvort aðgerðir hafi skilað væntanlegum árangri. Mat og eftirlit vegna áætlunarinnar mun í ríkum mæli vera á hendi Umhverfisstofnunar, sem miðstöð í loftgæðaeftirliti og gagnasöfnun í málaflokknum.

Gert er ráð fyrir að loftgæðaáætluninni verði fylgt á öllum stigum stjórnsýslunnar og að hún sé viðmið fyrir stefnumótun stofnana og annarra sem starfa á þeim sviðum þar sem losun og styrkur loftmengunarefna koma við sögu. Það er einnig markmið að áætlunin njóti stuðnings sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda, landshlutasamtaka sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, fagaðila og hagsmunasamtaka, fyrirtækja og aðila vinnumarkaðarins og almennings þannig að þessir aðilar stuðli að hreinu andrúmslofti með verkum sínum. Þá er þess einnig vænst að stefna ríkisins á öðrum sviðum samfélagsins stuðli að bættum loftgæðum hér á landi.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Valgerður B. Eggertsdóttir, lögfræðingur, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
Dagmar Huld Matthíasdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af velferðarráðuneyti,
Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
Sigurður Thorlacius, tilnefndur af Ungum umhverfissinum,
Gestur Guðjónsson, umhverfisverkfræðingur, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Páll Stefánsson, tilnefndur af Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi,
Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Ásrún Rudolfsdóttir, gæðastjóri, tilnefnd af Vegagerðinni,

Íris Marelsdóttir, verkefnisstjóri, tilnefnd af Embætti landlæknis,
Ragnhildur G. Finnbjörnsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af Umhverfisstofnun,
Jón Bernóðusson, fagstjóri, tilnefndur af Samgöngustofu.

Stýrihópurinn er skipaður til þriggja ára. Á þeim tíma skal hann upplýsa ráðherra tvisvar á ári um
hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í stýrihópnum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson



Hugí Ólafsson

Ljósrit: Frjáls félagasamtök á sviði umhverfisverndar